

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 23.10.2023	Kl. 13:15	Staður: NASA
Fundarboðari: JÞ	Fundarritari: EHJS	Teams

Dagskrá:

- 1. Fundur settur – Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis*
- 2. Ágúst Ólafur Ágústsson hagfræðingur fjallar um fjárlögin og stöðuna í efnahagsmálum*
- 3. Farið yfir 8 mánaðar uppgjör félagssjóðs
Kaffihlé*
- 4. Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu- kynnrir niðurstöður könnunar*
- 5. Ákvörðun um starfsnefndir og kosning fulltrúa í þær*

1. Fundur settur:

Þórarinn setti fundinn. Hann bauð alla velkomna bæði raunheimum og netheimum. Enn fremur bauð hann gesti fundarins velkomna.

Áður en auglýst dagsrá hófst fjallaði Þórarinn um „stofnun ársins“ könnunina. Hann hvatti trúnaðarmenn til að taka þátt. Mjög mikilvægt fyrir okkur.

Því næst kallaði hann Sindra Mía Smáráson, Kristínu Ósk Wium og Karólínu Maríu Wojtuszkiewicz upp á svið og kynnti þau til leiks sem nýja starfsmenn skrifstofu Sameykis.

Kristín er okkar aðaltengiliður við trúnaðarmannahópinn. Kristín Erna er horfin til annarra starfa en Kristín Ósk er tekin við.

2. Fjárlögin og staðan í efnahagsmálum:

Ágúst kemur frá SLFÍ hagfræðingur og lögfræðingur. Var varaformaður fjárlaganefndar Alþingis.

Ágúst fjallaði um fjárlögin og lestur fjárlaga, hagkerfið og hagvöxtinn. Hann benti á að það væri ekki kreppa núna þó það sé mikil verðbólga. Við finnum fyrir mikilli hækkun á matvælum og hvernig matur er að verða æ herra hlutfall af tekjum heimilanna. Við finnum fyrir minnkandi kaupmætti, en kaupmáttur er þegar laun hækka minna en verðlag. Hins vegar er ekki hagstætt að það verði of mikill hagvöxtur því það leiðir af sér hækkun verðbólgu og minni kaupmátt.

Verðbólgan er þrálát. Hún er helmingi hærri á Íslandi en annars staðar í Evrópu. Húsnæði og rekstur þess er um 20% af tekjum heimilanna. Matarkarfan um 12.4% en hlutfallslega hærri hjá þeim sem lægri tekjurnar hafa.

Hagsagan oft 7 ára tímabil eins og segir í Biblíunni, 7 feit ár og 7 mögur ár. Verðbólgan lækkar tiltölulega hratt í Danmörku, á Evrusvæðinu og USA en helst áfram há hér. Vextir eru verð á peningum og eru þeir háir núna, eða >9%. Spár segja að þeir taki ekki að lækka fyrir en næsta sumar.

Atvinnuleysi áætlað 4%. Fór hæst í 12% í Covid. Við búum við mjög háa atvinnuþátttöku, eða um 78%. Langtímaatvinnuleysi er beinlínis hættulegt fólki.

Fjárlög:

Skv. stjórnarskrá má ekki greiða neitt gjald úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárukalögum. Ágúst útskýrði muninn á fjárlögum og fjárukalögum. Fjárlögin eru greinagerð um tekjur og gjöld ríkisins. Fjárukalög eru til að bregðast við tímabundnum, ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum.

Fjármálaáætlun er áætlun ríkisstjórnar um stöðu og þróun opinberra fjármála. Fjármálareglur eru til að fara eftir þeim en eru þó ekki alveg heilagar. Það má víkja frá þeim eins og var gert í Covid. Skuldastaðan hjá okkur er betri en víða í Evrópu þar sem staðan er víða skelfileg.

Langtímaáætlun um efnahagsmál og opinber fjármál var birt fyrst 2021 og á að uppfærast á þriggja ára fresti. Útlit fyrir fjölgun landsmanna um 60 þúsund næstu 30 árin. Þjóðin er jafnframt að eldast. Heilbrigðiskostnaður eykst með öldrun þjóðarinnar. Það er dýrara að sinna fólki eftir því sem það eldist. Útgjöld til heilbrigðismála aukast en lækka til menntamála. Aldursþýramíðinn er að breytast, fleiri eldri og færri ungir.

Lífeyrissjóðir eiga meiri eignir en sem nemur landsframleiðslu.

Ágúst brýnir fólk til að kynna sér sérstakt fylgirit með fjárlögum. Fjárlögin oft sett upp með „ráðherragleraugum“. Þurfum að geta lesið stöðuna án þeirra. Mikilvægt að upp reikna tölur á fast verðlag til fá raunvirði upphæða. Ágúst fjallaði jafnframt um innihald fjárlagafumvarpsins fyrir árið 2024 og hvatti fundargesti til að kynna sér það.

Umræður og spurningar

3. Farið yfir 8 mánaða uppgjöf félagssjóðs:

Gunnsteinn Ómarsson skrifstofustjóri Sameykis fór yfir 8 mánaða uppgjör => bráðabirgða uppgjör fyrir jan-ágúst 2023.

Hann fór yfir rekstrarreikninga félagssjóðs og orlofssjóðs:

➤ *Félagssjóður:*

Hækkun í félagssjóð skýrist helst af stækkun félagsins, sem eru um 900 manns á tímabilinu. Útgjöldin að aukast samhliða. Þar bendir hann á að 2023 er ár kjarasamninga sem var ekki 2022. Heilmiklar mannabreytingar á skrifstofu Sameykis og fjöldi nýrra starfsmanna er hluti af skýringunni. Heilt yfir erum við vel mönnum. Rekstrarafgangur tæpar 51 milljón sem er mun betri afkoma en í fyrra.

➤ *Orlofssjóður:*

Hækkun í orlofssjóð svipuð og í félagssjóði sem skýrist af hækkun iðgjalda. Samhliða því er hækkun á rekstri. Leggjum mikið í að viðhalda orlofseignum okkar. Ferðaávisanir eru einnig fleiri en áður. Rekstrarafgangur um 102,4 milljónir samanborið við 90 milljónir á síðasta ári. Reksturinn í góðu jafnvægi.

Umræður og spurningar.

Kaffihlé.

4. Niðurstöður Vörðu-könnunar

Kristín byrjaði á að kynna sig. Hún fór síðan yfir tilurð Vörðu og fyrir hvað hún stendur.

Varða er samstarfsverkefni sem BSRB og ASÍ sem eiga hana saman. Varða tekur ekki mið af fjölda félagsmanna heldur er eignarhlutinn jafn þótt fleiri félagsmenn séu í ASÍ. Varða var stofnuð í maí 2020.

Markmið Vörðu er að efla og stunda fræðilegar rannsóknir og kennslu á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála. Auk þess að taka þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi rannsakenda og skapa rannsóknaraðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn og unga vísindamenn.

Starfsemi stofnunarinnar er þrískipt: rannsóknarverkefni sem hafa gildi fyrir verkalýðshreyfinguna í heild, útseld verkefni til aðildarfélaga og rannsóknarverkefni fjármögnuð með styrkjum.

Kristín fór yfir könnun um stöðu launafólks á Íslandi fyrir á þessu ári sem var ætluð félagsfólki í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Mikill fjöldi svara en svarhlutfall lágt. Markmiðið var að kanna fjárhagsstöðu félagsmanna, stöðu á húsnæðismarkaði, andlega og líkamlega heilsu, starfstengda kulnun og réttindabrot og mismunun á vinnumarkaði.

Það kemur fram í könnuninni að 9% félagsmanna Sameykis búa við fátæktarmörk/efnislegan skort og 38% þeirra sem svöruðu geta ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum. Jafnframt kom fram að stærstur hluti félagsmanna Sameykis, eða 74% búa í eign húsnæði en um 79% félagsmanna taldi húsnæðiskostnað vera þunga eða nokkra byrði. Það kom jafnframt fram starfsfólk í heilbrigðisþjónustu býr við lakast fjárhagsstöðu.

Umræður og spurningar.

5. Ákvörðun um starfsnefndir og kosning fulltrúa í þær:

Skv. lögum Sameykis ákveður trúnaðarráð hvaða fagnefndir eru starfandi hverju sinni. Þær nefndir sem trúnaðarráð á að ákveða fer eftir þeim samfélagslegu áherslum sem eru ríkjandi hverju sinni.

Nefndirnar störfuðu gríðarlega vel í síðasta tímabili – alveg til fyrirmyndar. Bak við nefndirnar eru öflugir félagsmenn. Á næsta fundi trúnaðarmannaráðs verða teknar ákvarðanir um næstu nefndir.

Ef þið vitið af einhverjum sem vilja starfa í nefndum Sameykis eruð þið beðin um senda skilaboð til Jakobínu. Eins ef ykkur dettur í hug einhverjar nýjar nefndir endilega sendið ábendingar til Jakobínu: jakobina@sameyki.is. Það verður kosið um nefndir (nýjar og gamlar) á næsta fundi og einnig verður kosið í nefndirnar.

Nefndir síðasta tímabils:

- Menningar og viðburðanefnd
- Framtíðarvinnumarkaðsnefnd
- Heilbrigðis- og velferðarnefnd
- Jafnréttisnefnd
- Kjara- og starfsumhverfisnefnd
- Umhverfis- og loftlagsnefnd

Þórarinn þakkaði góðan fund.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:23